

## Skóflustunga tekin að nýjum gervigrasvelli



Ljósmynd: Sigríður Hjálmarsdóttir.

Formleg skóflustunga var tekin að nýjum gervigrasvelli á íþróttasvæði Hamars föstudaginn 28. júní fyrir leik Hamars og Ýmis í 4. deild karla í knattspyrnu. Halldór Benjamín Hreinsson, forseti bæjarstjórnar, Þorsteinn Ragnarsson, formaður Hamars og Eydís Valgerður Valgarðsdóttir, formaðu knattspyrnueldar Hamars tóku skóflustunguna og nutu við það liðsinnis ungra knattspyrnuíðkenda félagsins.

Að skóflustungunni lokinni bauð Hveragerðisbær upp á pylsur og gos áður en viðstaddir færðu sig yfir á Grýluvöll til að fylgjast með leik Hamars og Ýmis. Heimamenn gerðu sér lítið fyrir og unnu leikinn 5-2.

Jarðvinna er þegar hafin vegna nýja vallarins en það er verktakinn Auðverk ehf. sem sér um jarðvegvinnuna í fyrsta fasa verksins.

Gert er ráð fyrir að æfingar hefjist á nýju gervigrasi snemmetrar 2024.

## Samið við Alefli um byggingu íþróttahúss á Borg

Föstudaginn 5. júlí var undirritaður verksamningur við Alefli um viðbyggingu á íþróttahúsi á Borg í Grímsnesi.

Í byggingunni er gert ráð fyrir skrifstofuhúsnæði á efri hæð og góðri líkamsræktarástöðu og aðstöðu fyrir sjúkrahjálfara á neðri hæð. Viðbyggingin tengist við austurgafli íþróttamiðstöðvarinnar og verður á tveimur hæðum með heildarflatarmál um 670 m<sup>2</sup>. Líkamsrækt og sjúkrahjálfun ásamt stöðrymum verða á 1. hæð en á 2. hæð verða skrifstofur og stöðrymi.



Íða Marsibil sveitarstjóri og Magnús Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Aleflis, við undirskrift verksamnings. Ljósmynd: GOGG.

## Loftbelgsferðir og flugveisla á Hellu

Flughátíðin „Allt sem flýgur“ hefur verið haldin á Helluflugvelli um árabil og er alltaf vel sótt.

Hátíðin fer fram 12.–14. júlí í ár auk þess sem 9.–12. júlí fer fram Íslandsmótið í vélflugi 2024. Loftbelgur verður einnig á svæðinu alla vikuna og geta áhugasamir skráð sig hér og komist þannig á biðlista til að komast í flugferð.

Á hátíðinni gefst gestum færi á að kynna fluginu með einstökum hætti. Flugsýningar eru frá morgni til kvelds, gestir geta skoðað vélarnar, setið við flugbrautina og notið flugveislunnar alla helgina. Karamellukast úr flugvél verður á laugardeginum fyrir krakkana og gestgjafarnir bjóða svo til kvöldvöku í flugskýlinu um kvöldið. Ekkert kostar inn og öll velkomin!



Ljósmynd: Rangárþing ytra.

## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

Toyota  
Selfossi



Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000



## Við prentum ljósmyndir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



## Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keysra@keysra.is](mailto:keysra@keysra.is) - [www.keysra.is](http://www.keysra.is) - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Bláskógabyggð

## ÚTBOÐ

### Yfirborðsfrágangur gatna 2024



Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í yfirborðsfrágang gatna í Reykholti og á Laugarvatni í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða jöfnun styrktarlags og burðarlags auk malbikunar og lagningu kantsteina. Annars vegar í Reykholti og hins vegar að Laugarvatni.

#### Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Jöfnun styrktarlags 11.800 m<sup>2</sup>

Burðarlag 1.040 m<sup>3</sup>

Malbikun 11.410 m<sup>2</sup>

Kantsteinar 1.725 m

Verklok 1. október 2024.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi (.pdf) með tölvupósti. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna skulu sendar á netfangið [kristofer@blaskogabyggd.is](mailto:kristofer@blaskogabyggd.is) þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda auk upplýsinga um tengilið. Tilboðum skal skilað eigi síðar en fimmtudaginn 18. júlí 2024 kl. 11:00, í samræmi við upplýsingar í útboðsgögnum og verða tilboð opnuð á þeim tíma í fundasal sveitarstjórnar í Aratungu.

Fyrir hönd Bláskógabyggðar,  
Kristófer Tómasson,  
sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs



Mynd: Dagskráin/HGL.

## Tilgangsríkar gönguferðir

Á dögunum fékk Dagskráin ábendingu frá vegfaranda sem þótti mikið til hóps kvenna á Selfossi koma, en honum sýndist þær nýta gönguferð sína í að plokka rusl. Bláðamaður elti þær uppi í kjölfarið og náði tali af þeim þar sem þær gengu í austurátt fram hjá pósthúsinu. Þær Sigrún, Ágústa, Hulda, Gunnús og Gerður skelltu upp úr þegar þær heyrðu að ábending um dagnað þeirra hafi borist til Dagskrárinnar og sögðust gera þetta í hverri viku, alltaf á mánudögum og fimmtudögum og stundum oftar.

### „Misheyrum, hlæjum og fáum okkur súpu til hátíðarbirgða“

Ágústa átti upphaflega hugmyndina að gönguferðunum sem hinar tóku vel í en hugmyndin um að samtvinna göngurnar við plock kom til þeirra á göngu. „Við sáum alltaf svo mikið rusl á leiðinni að við ákváðum bara að nýta ferðina, það er gott að hafa tilgang með þessum gönguferðum, plockið dregur mann út og er ekki bara heilsubót, heldur líka bæjarbót. Svo er þetta svo dásamlegur félagsskapur, við misheyrum, hlæjum og fáum okkur súpu saman til hátíðarbirgða,“ segja þessi hrestikvendi og bæta

við að margar þeirra nýti allar gönguferðir í plockið.

Allar eru þær með plockþrik sem þær segja að fáiast víða fyrir vægt verð og eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er Hulda búin að útbúa sérstakan plockpoka sem hún hefur með sér í gönguferðir til að auðvelda rusla-söfnunina.

Þá sögðu þær óvenjulítið rusl vera í bænnum þennan daginn en ein þeirra hafði séð rusl niðri við Austurvegin. Þá kvöddu þær blaðamann og héldu í átt að ruslinu sem þær hirtu áður en þær gerðu sér dagamun og fengu sér súpu hjá Almari bakara. HGL

## Stuðmenn, Patrik og Aron Can meðal flytjenda á upphitunarkvöldi Kótelettunnar

Stuðmenn, hljómsveit allra Slandsmanna, kemur fram á Kótelettunni, tónlistarhátíð Selfyssinga á fimmtudagskvöldið. Það verður reyndar allt troðfullt af frábærum atriðum sama kvöld því Aron Can, Patrik, Hljómsveitin Hr. Eydís, Gústi B, Út í hött og verðlaunahljómsveitin Slysh frá Hveragerði. Fimmtudagstónleikarnir eru sérstakir upphitunartónleikar fyrir helgina og verður frítt inn á svæðið á þá tónleika og allir velkomnir. Tónleikarnir standa frá 19:00 til 22:30.

### Nýtt lag frá Stuðmönnum

Hljómsveitin Stuðmenn eru að senda frá sér nýtt lag á næstunni og lagið sem kemur út í næstu viku er endurgerð á laginu Fegurðardrottning sem kom út 1986. Nýja útgáfan er unnin í samstarfi við upptökustjórnann Ásgeir Orra Ásgeirsson. Goðsögnin Ragnhildur Gísladóttir leiðir Stuðmenn sem fyrr og



Mynd: Aðsend.

Magni „okkar“ Ásgeirsson hefur tekið stöðu karlsöngvara Stuðmanna eftir að Egill Ólafsson forsöngvari sveitarinnar varð frá að hverfa vegna veikinda.

Saga Stuðmanna spannar orðið hálfa öld og tónlist þeirra órjúfanlegur hluti af dægurmenningu og sögu landsmanna.





## Fjölskyldan í öndvegi í Ölfusi

Börnin eru grunnur samfélagsins og á okkur öllum hvílir sú skylda að vernda þau og styðja. Á tímum mikillar íbúafjölgunar skiptir sköpum að setja þarfir barna í forgrunn. Það fylgja því vissulega margar áskoranir þegar íbúum fjölga um 6% til 9% á ári eins og nú er og mikilvægt að allir innviðir byggist upp í takt við íbúáþróun. Við í Ölfusi leggjum áherslu á að umgjörð utan um barnafjölskyldur sé til fyrirmyndar og farsæl. Við erum að stíga farsældarskrefin og leggjum áherslu á að fjölskyldufólki líði vel.

### Heimgreiðslur

Íbúum í Sveitarfélaginu Ölfusi er boðið upp á foreldragreiðslur/heimgreiðslur sem er ætlað að auka frelsi foreldra þegar kemur að umönnun barna eftir fæðingarorlof. Með heimgreiðslum gefst foreldrum aukidæ færi á að vera lengur heima með barni sínu. Foreldrum er heimilt að nýta sér heimgreiðslur allan þann tíma sem þeir kjósa að hafa börnin sín heima. Í ár er hámarksgræiðsla 100.000 kr. fyrir hvert barn.

### Dagforeldrar

Þjónusta dagforeldra í Ölfusi er verulega styrkt. Þannig er reynt að stuðla að því að framlag vegna dvalar barna hjá dagforeldrum sé með þeim hætti að foreldrar greiði svipað gjald til dagforeldra og leikskólagjaldið er. Að auki fá dagforeldrar fjölþættan stuðning við að hefja rekstur. Má þar nefna 300.000

króna stofnstyrk, aðstoð við að setja upp öryggishnappa, aðstoð við að finna heppilegt húsnæði og fl.

### Leikskólaláttunasta í dreifbýlinu

Sveitarfélagið Ölfus á eignarhluta í leikskólunum Óskaland og Undraland í Hveragerði og tekur þannig fullan þátt í rekstri þeirra. Á þann veg hefur verið byggð upp myndarleg þjónusta við börn í dreifbýlinu og barnafjölskyldur. Verið er að stækka leikskólann Óskaland sem mun enn auka þjónustu við börn í dreifbýlinu.

### Engir biðlistar í Þorlákshöfn

Í Ölfusi eru góðir skólar og fyrirmyndar íþróttastarf sem myndar umgjörð utan um fjölskylduna. Leikskólinn Bergheimar hefur verið að taka inn í skólann börn frá 18 mánaða aldri. Nýr og glæsilegur kjarni opnaði við leikskólann í byrjun mars og eru börn í leikskólanum nú um 135. Í dag eru ekki biðlistar eftir leikskólaláttunasta í Þorlákshöfn.

### Verið að byggja nýjan leikskóla

Þrátt fyrir góða stöðu í leikskólamálu er ljóst að starfsemin er að verða komin að þolmörkum hvað varðar rými enda fjölga börnum hratt, sem og öðrum íbúum. Til að tryggja áfram góða stöðu til framtíðar er nú verið að byggja nýjan glæsilegan leikskóla í Vesturbyggð í Þorlákshöfn sem mun hefja þjónustu við börn haustið 2025. Áætlað er að með tilkomu hins nýja leikskóla verði allt að 80 ný leikskólarymi í Þorlákshöfn.

Þótt að í dag sé ekki biðlisti eftir plássum er mikilvægt að líta fram á veginn. Þannig er hinum nýja leikskóla ekki hvað síst ætlað að mæta þörfum vegna vaxandi byggðar og aukinnar þjónustu.

### Frístundastyrkir

Sveitarfélagið Ölfus hefur það sem eitt af meginmarkmiðum sínum að tryggja börnum og ungmennum á aldrinum 0–18 ára aðgengi að uppbyggilegu frístundastarfi. Það er bæði gert með því að hafa fjölbreytt úrval af íþróttum og hvers konar tómstundastarfi og með því að auðvelda forráðamönnum að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af þátttökunni. Í ár nemur þessi styrkur 52.000 krónum.

### Öflugt teymi sérfræðinga

Skóla- og velferðarþjónusta Ölfuss sinnir margþættum verkefnum með það að leiðarljósi að mæta fjölbreyttum þörfum barna, forsjáradíla og starfsfólks skóla og frístundar. Áhersla er lögð á þverfaglegt og gott samstarf bæði við börn og forsjáradíla auk þeirra fagaðila sem koma að þjónustunni. Á sviðinu starfar teymi sérhæfðra aðila svo sem félagsráðgjafar, talmeinafræðingar, sálfræðingar, sérkennarar o.fl. Þetta teymi leggur áherslu á að veita öfluga, samþætta og þverfaglega þjónustu til að tryggja farsæld allra barna og hamingju íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Sveitarfélagið Ölfus



## Sunnlenski matgæðingurinn



Ingvar Jónsson er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég þakka Bjarna fyrir að koma þessum bolta yfir á mig.

Ég veit fátt betra en að eyða tíma í eldhúsinu og þá sérstaklega að taka á móti fólki í mat. Þegar minn kærri vinahópur Flopp hittist kemur fátt annað til greina en brakandi stökkir og sterkir kjúklingavængir og auðvitað vegan-vængirnir úr Krónunni eða blómkaál fyrir suma.

### Hot wings

Undirbúningur vængja daginn áður:

Vængir skornir í þrjá parta, gott er að nýta endann í kjúklingasóð. Vængirnir settir í pækil í 24 tíma.

Uppskriftin er fyrir ca. 6 manns og miðar að þremur bökkum af vængjum og ég vona að magn hluta í uppskriftinni passi vel en ég fer sjaldnast eftir uppskriftum sjálfur. Það er þó einfalt að bæta við flestu hérna ef það klárast.

### Pækill:

6 bollar vatn  
¼ bolli hvítvinsedik  
¼ bolli þurrkað chilli  
1/3 bolli borðsalt  
1/3 bolli sykurl  
2 msk. hvítur pipar  
2 msk. nýmalaður svartur pipar

Ég þurrka vængina svo í um klukkutíma áður en ég elda þá til að þeir þorni nokkuð vel og séu ekki kaldir í steikingu.

Gott er að hita olíu með háu brunastigi í 170°C á svipuðum tíma og byrjað er að hjúpa vængina.

Vængirnir fara fyrst í kryddað hveiti, því næst í súrmjólkurlög og svo aftur í hveiti. Best er að hafa hráefnin

Ég skora á matgæðinginn og ljúflinginn Þorstein Mát Ragnarsson til að koma með einhverja sumarveislu í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



í þremur skálum í þeirri röð sem ég fór yfir hér að framan.

### Kryddað hveiti:

3 bollar hveiti  
1 bolli kornsterkja  
1 bolli krydd eftir smekk.  
Stundum nota ég tilbúna Cajun-kryddblöndu úr Costco.

### Súrmjólkurlögur:

3 bollar súrmjólk  
(má skipta út og nota egg)  
1 bolli sóðavatn

Kryddað hveiti eftir smekk og hve þykkann hjúp þið viljið. Hrært vel saman.

Þegar búið er að velta vængjunum upp úr kryddaða hveitinu eru þeir settir í súrmjólkurlöginn og látið leka af þeim og aftur í kryddaða hveitið. Þaðan svo beint í olíuna og steiktir í um 8 – 10 mín.

Það getur þó verið þægilegt, sérstaklega með mikið magn, að klára að hjúpa alla vængina og setja í kæli. Taka þá svo út 30 mín. áður en á að steikja þá.

### Sósa:

1 bolli Franks hot sauce (original)  
½ bolli smjör

Bræðið saman í potti á lágum hita.

Hellið sósunni svo yfir vængina og njótið.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, [helga@dfs.is](mailto:helga@dfs.is).

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÖLLAR

Hlýtt er þetta handa ...  
Helga syngur inn á ...  
alla fær hún á sitt ...  
er að ganga í hjóna ...

Svar við gátu í blaði 2759: HÁR



## Hvað er að fréttá?

Hægt er að senda okkur ábendingar á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) eða í síma 482 1944.





# Allt í steik?

Við óskum ykkur góðrar skemmtunar á Kótelettunni á Selfossi. Höfum það ljúffengt og förum varlega.

Njótið vel um helgina!



Mættu því óvænta

VIÐ ÓSKUM EFTIR

## BLAÐAMANNI

**Prentmet Oddi óskar eftir blaðamanni við Dagskrána, fréttablað Suðurlands í 100% starf á Selfossi.**

Umsækjandi þarf að vera drífandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns. Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

**Helstu verkefni:** Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni, útkeyrsla á prentverkum og önnur tilfallandi verkefni.

**Umsóknarfrestur er til 16. júlí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í [isi@prentmetoddi.is](mailto:isi@prentmetoddi.is), s. 8 560 601 og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. [brv@prentmetoddi.is](mailto:brv@prentmetoddi.is), s. 8 560 656.

**Vinsamlegast sækjið um starfið á [alfred.is](http://alfred.is).**

### Hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa reynslu og þekkingu á fjölmiðlum og fréttaoöflun.
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Gott vald á ljósmyndun (myndbandagerð er kostur).
- Góð tölvu- og tækniþekking.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góð skipulagshæfni.

### Menntunarkröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi, t.d. fjölmiðlafræði eða prentsmiður/grafískur miðlari.

Sækja um starf hér



Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreift á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekin samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.



## KIRKJA

## Tungufellskirkja

Sumarmessa sunnudagskvöldið 14. júlí kl. 20. Almennur söngur. Verið öll velkomin. Sóknarprestur.

## Skálholtsdómkirkja

Kantötumessa hefst kl. 14 og sungin er kantata J.S. Bach „Weinen, Klagen, Sorgen, Zagen“ BWV 12. Séra Axel Á. Njarðvík predikar og þjónar fyrir altari. Skálholtskórinn syngur. Jón Bjarnason er organisti. Eín-söngvarar: Jóna G. Kolbrúnardóttir, Tobias Knaus, Benedikt Kristjánsson, Bragi Jónsson. Hljóðfæraleikarar: Kordókvartettinn ásamt meðlimum úr Símfóníuhljómsveit Íslands. Verið öll velkomin.

## ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Sveitafélög - Verktakar - Húsfélög

VIÐGERÐA-  
MALBIKSala á viðgerðafni  
og þjónusta

miðbik

midbik@midbik.is

midbik.is

858 7051

## Hveragerðiskirkja

Messa kl. 14:00. Félag fyrrum þjónandi presta og maka tekur þátt í messunni. Sr. Friðrik Hjartar predikar og sr. Kristján Valur Ingólfsson þjónar fyrir altari. Ester Ólafsdóttir leikur á orgelið. Verum öll velkomin til kirkju.

## FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022 / 788 0300

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosis. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## Andri Már setti Íslandsmet í hálfmaraþoni

Hinn ellefu ára gamli, Andri Már Óskarsson frá Selfossi setti Íslandsmet í hálfmaraþoni í flokki 12 ára í Akureyrarhlaupinu þann 4. júlí síðastliðinn. Andri hljóp kílómetrana 21,1 á tímanum 1:42,22 klst en það er besti árgangur frá upphafi í flokki tólf ára en fyrra metið var frá árinu 1984 og um var að ræða bætingu um 8 mínútur og 41 sekúndu. Tíminn er einnig HSK-met í flokkum 11, 12, 13 og 14 ára pílta en fyrra metin átti Ragnar Heiðar Karlsson frá árinu 1989 sem var 2:15,14 klst sem þýðir bæting um tæplega 33 mínútur.

Tveimur dögum fyrir Akureyrarhlaupið varð Andri einnig Íslandsmeistari í 10 km götu-hlaupi í flokki 14 ára og yngri þegar Ármannshlaupið fór fram í Reykjavík. Þar hljóp hann á tímanum 43,57 mínútum.

Myndin er af því þegar Andri Már kom í mark í hálfmaraþoni á Akureyri.



## Hittið Jónínu í Húsinu og á Eyri

Jónína Óskarsdóttir höfundur Jónína Óskarsdóttir höfundur bókarinnar Konurnar á Eyrarbakka verður með viðveru á samnefndri sýningu í Húsinu á Eyrarbakka næstu þrjá sunnudaga í júlí. Einnig verður hún stödd í húsinu Eyri þessa daga. Jónína verður kl. 12-14 á Eyri og á sýningunni í Húsinu kl. 15-17.

Sýningin Konurnar á Eyrarbakka byggir á samnefndri bók eftir Jónínu Óskarsdóttur, bóka-vörð og menningarmiðlara, og fjallar líkt og bókinn um hversdagslíf og afrek kvinna á Eyrarbakka. Aðalpersónur eru 38 konur sem allar lifðu eða mundu

tíma þegar nýtni og þrautseigja, en ekki sist nágrannakærleikur, var mikilvægur þáttur í lífi allra.

Eyri er bárujárnsklætt timburhús byggt 1907 og er í þyrpingu smárra húsa á Austurbakkanum á Eyrarbakka. Það er mjög upprunalegt að ytri og innri gerð. Húsið er einstakt á landsvísu og er nú í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Óskar Guðfinnsson, faðir Jónínu, ólst þar upp og það var í eigu fjölskyldu hennar til ársins 2021.

Hittið Jónínu sunnudagana 14., 21. og 28. júlí! Allir velkomnir.

Kira Kira  
kemur fram í  
Strandarkirkju

Tónlistar- og kvikmyndagerðarkonan Kira Kira kemur fram á Tónlistarháttidinni Englar og menn í Strandarkirkju nk. sunnudag kl. 14. Með henni koma fram Hljómgerpill (Sveinbjörn Thorarensen) sem leikur á orgel og Arnljótur Sigurðsson sem leikur á flautur og bassa.

Yfirskrift tónleikanna er Unaðsdalur í Englavík en í vor kom út sjötta hljóðversskífa Kiru Kiru sem ber heitið Unaðsdalur og munu þau flytja m.a. tónlist af þeirri plötu. Kira Kira hefur einnig gefið út þrjár hljómplötur með eigin kvikmyndatónlist og samstarfsplötur og alls hafa tíu hljómplötur komið út með henni í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan. Kira hefur haldið útgáfutónleika á plötunni í Mengi og í Philosophical Research Society í Los Angeles í apríl sl. þar sem hún frumsýndi einnig stuttmynd sína Eldingar eins og við. Tónlist Kiru er kærleiksrik og einlæg og Unaðsdalur fjallar einmitt um að nálgast lífið og tónlistina með opnu hjarta.

Miðasala er við inn-ganginn. Tónleikaröðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



## Orgelsumar á Eyrarbakka

Í Eyrarbyggjakirkju verður íboðið upp á orgelsumar í júlí og ágúst mánuði. Organistar landsins munu halda tónleika í kirkjunni á sunnudögum, kl. 17:00 í júlí og kl. 14:00 í ágúst. Dagskráin verður fjölbreytt og er frítt inn á tónleikana.

Organisti Eyrarbyggjakirkju, Pétur Nói Stefánsson, hóf tónleikaröðina á sunnudaginn síðastliðinn. Um næstu helgi spilar Kristján Hrannar Pálsson, organisti Grindarvíkurkirkju. Tónleikarnir verða auglýstir



vikulega á Facebook-síðu Eyrbyggkinga, Hvergerðinga og íbúa í Árborg.

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi skipulagslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi:

- Holtannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulag - 2405114**  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2024 að kynna lýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni.
- Hjálmholt og Áshildarmýri; Vatnsból og vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406076**  
Sveitarstjórnir Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykktu á fundum sínum þann 2. og 3. júlí að kynna lýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni felst skilgreining vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis í landi Hjálmhólts og Áshildarmýri.
- Bryggja spilda L178475; Frístundabyggð og 3MW virkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2308056**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. júlí 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Bryggju L178475 í Bláskógabyggð. Í breytingunni felast skilgreiningar á frístundasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði fyrir virkjun.
- Hjálmholt L166235; Breytt skilgreining lands, verslun og þjónusta og breytt lega efnisnámu E6; Aðalskipulagsbreyting - 2406056**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. júlí 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýrrar deiliskipulagsáætlunar á um 173 ha landi úr jörð Hjálmhólts í Flóahreppi. Núverandi landnotkun svæðisins gerir ráð fyrir landbúnaðarsvæði auk frístundasvæðis á um 60 ha svæði. Í breytingunni felst breytt lega frístundasvæðisins auk þess sem gert verði ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

- Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2405104**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. júní 2024 tillögu óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi, svæði I2. Í breytingunni felst heimild fyrir fjölgun borhóla á svæðinu úr 3 í 6. Engar breytingar eru gerðar er varðar uppsett af virkjunarinnar.

Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnast hér með.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Stækkun á VP2, Valhallarstígur Nyrðri 8 úr F í VP, vatnsból á VB3; Breyting á aðalskipulagi - 2309040**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2024 að auglýsa tillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan Þingvalla. Í breytingunni felst m.a. breytt lega og stækkun VP2 vegna áætlana um nýjar þjónustumiðstöðvar innan svæðisins. Skilgreind eru ný vatnsból ásamt vatnsverndarsvæðum auk þess sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði á lóð Valhallarstígs Nyrðri 8.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana auk skipulagslýsingar:

- Mýrar L166366; 8 smábýli; Deiliskipulag - 2405052**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. júlí 2024 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Mýrar L166366 í Flóahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki I-II í Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Aðkoma að svæðinu er um Hamarsveg sem er tengivegur og vegtengingum kemur ekki til með að fjölga. Innan deiliskipulagsins eru skilgreindar 8 nýjar landspildur (smábýli) ásamt því að tiltaka byggingarreiti innan lóðanna.
- Prastarskógur; Tjaldsvæði AF4; Deiliskipulag - 2407015**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2024 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til tjaldsvæðisins á reit AF4 í Prastarskógi

í landi Prastalundar 168297. Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði, svæði fyrir hjólhýsi og tengivagna, þjónustuhúsi auk byggingarreita fyrir gístiskála.

- Hallkelshólar lóð, L168514; Fiskeldi; Deiliskipulag - 2406077**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2024 að kynna skipulagslýsingu nýs deiliskipulags sem tekur til fiskeldis að Hallkelshólum lóð L168514. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem I13 í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Heildarstærð deiliskipulagssvæðis er um 14 ha. Leyfi er fyrir allt að 135 tonna framleiðslu á laxaseiðum með 100 tonna hámarkslífsmassa.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- Furuborgir, Minniborgum; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2406078**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F59, Furuborgir í landi Minniborgar. Skipulagðar eru 37 lóðir á bilinu 3.735 - 11.255 m<sup>2</sup>. Heimiluð verður uppbygging frístundahúsa og gestahúsa/skemmu í samræmi við heimilað byggingarmagn skv. nýtingarhlutfalli.
- Ás 3 III-1 land L204646; Bygging tjaldhýsa; Deiliskipulagsbreyting - 2405108**  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Vesturáss og Áss 3 land III-1. Innan svæðisins eru skilgreindar byggingarheimildir sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsi, hesthúsi og reiðskemmu auk kúlutjalds sem ætluð eru til útleigu.
- Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Deiliskipulagsbreyting - 2405103**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. júní 2024 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Folaldaháls L236047. Í breytingunni felst breytt lega og stærð lóðar og byggingarreits auk þess sem heimilað verður að bora 3 nýjar vinnsluhólar ásamt plönnum og lögnum þeim tengdum. Samhliða er lögð fram óveruleg breyting á aðalskipulagi sem tekur til heimilda innan svæðisins.
- Sigöldustöð; Sigölduvirkjun L165348; Aðstöðuhús; Deiliskipulagsbreyting - 2404050**  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis við Sigöldustöð. Afmarkað er svæði fyrir vinnubúðir starfsfólks, svæði fyrir sprengiefnageymslu, svæði fyrir steypustöð, skemmur/verkstæði og haugsvæði fyrir mögulega efnislosun. Vinnubúðir, steypustöð, skemmur og haugsvæði eru sunnan við Tungnaá, á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem efnistökusvæði E72 og skógræktar- og landgræðslusvæði SL26, skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra. Sprengiefnageymsla er skammt frá Krókslóni og aðrennslisskurði Sigöldustöðvar, á óbyggðu svæði skv. aðalskipulagi Ásahrepps.
- Sunnuhlíð íbúðarsvæði; Röðulstangi; Deiliskipulagsbreyting - 2407019**  
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til götunnar Röðulstanga innan íbúðarsvæðis ÍB8 við Sunnuhlíð. Í breytingunni felst að fjöldi einbýlishúsaloða fækkar innan skipulagsins úr 31 í 30, fjöldi parhúsa fer úr 54 íbúðum í 58 auk tilfærslu á húsagerðum og legu og stærðum lóða við Röðulstanga auk þess sem felld er út krafa um bilgeymslur á raðhúsaloðum í kafla 3.5.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.asahreppur.is/](#), [www.floahreppur.is/](#), [www.blaskogabyggd.is/](#) [www.fludir.is/](#), [www.gogg.is](#), [www.skeidgnup.is](#).

Mál 1 – 4 og 7 – 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 11. júlí 2024 með athugasemdafresti til og með 2. ágúst 2024.

Mál 6 og 10 – 14 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 11. júlí 2024 með athugasemdafrest til og með 23. ágúst 2024.

Mál 5 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](#).

Vigfús Þór Hróbjartsson,  
skipulagsfulltrúi UTU



Ljósmynd: Rangárþing eystra/hvolsvollur.is

## Eitt af aðsetrum nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar verður á Hvolsvelli

Eitt af aðsetrum nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar verður á Hvolsvelli

Aðsetur nýrra stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins verður utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt ákvörðun Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Embætti forstjóra nýrra stofnana voru auglýst sl. helgi og mun forstjóri nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar hafa aðsetur á Akureyri, forstjóri nýrrar Náttúrufræðistofnunar á Vesturlandi og forstjóri nýrrar Náttúruverndarstofnunar á Hvolsvelli. Höfuðstöðvar Vatnajökulsþjóðgarðs verða eftir sem áður á Höfn í Hornafirði, en þær voru færðar þangað árið 2022.

Er markmiðið með staðsetningu aðseturs nýrra stofnana að stuðla að því að starfsfólk starfi í auknum mæli á landsbyggðinni

í grennd við viðfangsefnið sem í þessu tilfalli er náttúra landsins, umhverfi og auðlindir.

„Við höfum lagt á það áherslu að færa störfin nær viðfangsefnum stofnana ráðuneytisins. Við erum þegar búin að færa aðsetur Vatnajökulsþjóðgarðs heim á Hornafjörð og með þessum breytingum stígum við enn stærri skref. Nýjar stofnanir verða öflugri og hagkvæmari einingar sem verða betur í stakk búnar að sinna skyldum sínum gagnvart náttúrunni og fólkinu sem þær þjónusta. Starfsstöðvarnar eru þegar víða um land og því góður bragur á því að aðsetur þeirra verði utan höfuðborgarsvæðisins. Það er vert að nefna að fólki verður ekki gert að færa sig frá sínum starfsstöðvum. Það er langtímaverkefni að færa störf út á land og þetta er enn eitt skrefið í þeirri vegferð,” segir Guðlaugur Þór Þórðarson,

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Eitt af markmiðum í vinnu við stofnanabreytingar ráðuneytisins er að fjölga störfum á landsbyggðinni. Sú niðurstaða hefur þó ekki þá þýðingu að starfsmenn viðkomandi stofnana þurfi að flytja sig um set í sínum störfum, heldur verða ný störf auglýst á nýju aðsetri viðkomandi stofnunar, eða öðrum starfsstöðvum hennar á landsbyggðinni.



**PÚLSINN**

Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**

Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



**Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti**

**Bilwerk BA**

Þar sem  
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

BRAGA AF  
VINATTU!

**Fæst hjá  
BYKO Selfossi**

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**

**LAGNIR**

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
**800lagnir@800lagnir.is**

**HP**

**HREINGERINGA-  
þjónusta Suðurlands ehf.**

**Allar ræstingar**  
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
*Þreint um allt Suðurland*

**Lagnþjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**STÍFLULOSUN  
SUÐURLANDS**

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

**Sími 510 1180**  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur  
ÁBURÐUR**

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Ökukennsla**

Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Pípulagnir Júlla**

**Persónuleg þjónusta**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

**FALIN PARADÍS**  
Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl.  
Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com